

Sb.

556. Fyrirspurnir.

[216. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um sumaravinnu skólafólks.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hverjar ráðstafanir hyggst ríkisstjórnin gera til þess að tryggja skólafólki atvinnu í sumar?

II. Til ríkisstjórnarinnar um dvöl hermanna utan herstöðvanna.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hvaða reglur gilda um ferðir og dvöl bandarískra hermanna utan herstöðvanna hér á landi?

Hefur þessum reglum verið breytt nýlega?

III. Til samgönguráðherra um ökumæla í dísilbifreiðar.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

1. Hefur verið tekin ákvörðun um að nota heimild laga nr. 67 frá 1968 um ökumæla vegna þungaskatts?
2. Hafi ákvörðun verið tekin, kemur hún þá til framkvæmda á þessu ári?
3. Er búið að ákveða gerð og staðsetningu þessara ökumæla?
4. Er fyrirhugað að hækka þungaskattinn frá því, sem nú er, með tilkomu ökumælanna?
5. Hvað mundi þá sú hækkun nema miklu?
6. Hver verður lágmarksskatturinn, og við hvað verður hann miðaður?
7. Hve hátt verður gjaldið á ekinn kílómetra fram yfir tilskilið lágmark?

IV. Til dómsmálaráðherra og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um gjaldprot Vátryggingafélagsins h.f.

Frá Tómasi Árnasyni.

1. Hvenær var ráðuneytum kunnugt um fjárhagserfiðleika Vátryggingafélagsins h.f.?
2. Hvaða skilyrðum þarf tryggingafélag að fullnægja til þess að fá heimild dómsmálaráðuneytisins til að taka að sér lögboðnar ábyrgðartryggingar bifreiða?
3. Hvaða tryggingafélög hafa nú leyfi til að taka að sér lögboðnar ábyrgðartryggingar bifreiða, hvert er stofnfé þeirra og varasjóðir hvers um sig, hve háa upphæð hefur hvert félag lagt fram til tryggingar skuldbindingum sínum, og í hvaða formi er sú trygging?
4. Hefur ríkisstjórnin gert ráðstafanir til undirbúnings setningar nýrrar lög-gjafar um eftirlit með því, að tryggingafélög á Íslandi séu rekin með þeim hætti, að tryggt sé, að þau geti ávallt staðið undir skuldbindingum sínum?